

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, er fram líða stundir með einróma vilja sjóðs-
stjórnar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

10. október 1978.

Nr. 393.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð um Erlu skáldkonu,
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. október 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Erlu skáldkonu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Erlusjóður.

Stofnendur sjóðsins eru börn Guðfinnu Þorsteinsdóttur (Erlu).

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins eru öll hugverk Guðfinnu Þorsteinsdóttur (Erlu).

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Allar greiðslur sem koma inn fyrir flutning á verkum skáldkonunnar, ljóðum,
lögum og lausu máli.
- b. Greiðslur, sem kunna að koma fyrir útgáfu á verkum hennar, jafnt endur-
útgáfur, sem frumútgáfur á áður óbirtu.
- c. Hugsanlegar gjafir til sjóðsins.

4. gr.

Tekjum sjóðsins skal verja til hverskonar líknar- og menningarmála.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu jafnan skipa 3 afkomendur Guðfinnu Þorsteinsdóttur,
ættmenn þeirra eða makar. Heimilt er stjórnarnefndarmanni, sem lætur af starfi,
að velja annan í sinn stað, að öðrum kosti ræður meirihluti sjóðsstjórnar vali
nýs nefndarmanns.

6. gr.

Reiknisár sjóðsins er frá 1. júlí til 30. júní.

Stjórn sjóðsins skal fela lögmanni eða löggiltum endurskoðanda endurskoðun
reikninga.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Með skipulagsskrá þessari fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir minningarsjóð
um Erlu skáldkonu er staðfest var í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 22. mars
1977 og birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 192.